MONITOR

FRÍTT EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAÐ

Taktu á móti póstinum þínum í Möppunni

Nú geturðu fengið allan póstinn þinn rafrænt í Möppuna. Enginn pappír og þú getur nálgast póstinn hvar og hvenær sem er.

Virkjaðu Möppuna fyrir 17. júní og þín bíður glaðningur í Möppunni þinni.

- **Þægileg** – Aðgengileg hvar og hvenær sem er
- **Umhverfisvæn** – Pappírslaus póstur
- **Örugg** – Pósturinn er geymdur á öruggu formi
- **Ókeypis** – Þú borgar ekkert fyrir Möppuna
- **Fljótleg** – Pósturinn berst þér samdægurs

Mappan Stórhöfða 29 110 Reykjavík 580 1000 facebook.com/mappan.is **www.mappan.is**

mappan

*Nafni **Árna Vilhjálmssonar** í FM Belfast, **Árni Vilhjálmsson** í Breiðablik, er 19 ára í dag. Monitor óskar honum að sjálfsögðu til hamingju með daginn!*

ÁRNI ÆTLAR AÐ BJÓÐA TÓNLEIKAGESTUM FAR Í HUGARHEIM GLEÐI OG GAMANS

Mynd/Árni Sæberg

ÁRNI VIL Á 48 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 230580. Ég er tvíburi fæddur á ári apans.
Besta einkunnin: Ég fékk 10 í stærðfræði en það var bara metið sem staðist því ég tók það í kvöldskóla annars staðar. Eina sem kom á einkunnaspjaldinu var S og því trúði mér enginn. Það var svekkjandi.
Erfiðasta prófið: Það er nógu erfitt að muna eftir prófum sem ég hef farið í.
Sumarlagið í ár: Fyrir fólkið verður það Get Lucky en ekkert endilega hjá mér. Mér finnst það samt fínt lag. Svo verður það pottþétt eitthvað FM Belfast-lag.
Ef ég ætti að velja mann í „Hver er maðurinn?" myndi ég hugsa um: Keikó. Ég fer nefnilega alltaf í „Hver er hvalurinn?"

Verður geheggjað

***Árni Vilhjálmsson** er hress gaur en samt er mikið í hann spunnið. Hann og félagar hans í FM Belfast troða upp á **Próflokadjamminu** á Faktorý.*

„Það verður svo geggjað á Faktorý á laugardaginn að við þurfum að bæta „hehe" inn í geggjað. Það verður geheheggjað," segir Árni Vilhjálmsson, liðsmaður rafgleðisveitarinnar FM Belfast. „Við leggjum alltaf blóð, svita og tár í að ná upp stemningu og skemmtilegheitum," bætir Árni við. Um helgina verður allsherjar próflokadjamm á Faktorý þar sem Dikta, Friðrik Dór og 1860 sjá um að skemmta lýðnum á föstudagskvöldinu og FM Belfast taka svo, ásamt Músíktilraunasigurvegurunum í Vök, við skemmtikeflinu á laugardagskvöldinu. Það ætti því að vera upplagt fyrir alla þá nemendur sem búnir verða í prófum fyrir helgina að skella sér í gott teiti í verksmiðjunni. En fór Árni alltaf að djamma þegar hann kláraði próf? „Já, algjörlega. Strax eftir samræmdu prófin í Hagaskóla árið 1996 drakk ég flösku af eplasnafsi af því að einhverjum fannst það ótrúlega vont og rétti mér því flöskuna. Ég kláraði hana tíu mínútum eftir dönskuprófið og fór svo í ljós," rifjar Árni upp en hann færi samt öðruvísi að í dag. „Ef ég væri að klára próf í dag myndi ég fá mér orkudrykk og skella mér beint á FM Belfast-tónleika. Good, clean fun," segir hann og hlær.

Feginn að spila með Vök

Það vekur forvitni hjá blaðamanni að vita hvort rígur sé á milli listamannanna sem spila saman á föstudag og þeirra sem spila saman á laugardag. „Við erum mjög fegin að vera með Vök í liði. Við hefðum fagnað því að vera með hverjum sem er í liði nema bara ekki Friðriki Dór," segir Árni en nær ekki að halda andlitinu nema í stutta stund. „Nei, ég segi svona. Ég dýrka Friðrik Dór. Hann er með góða orku," segir Árni.

Árnafélagið mætir

Tveir Árnar eru í FM Belfast og því verður fróðlegt að sjá hversu margir Árnar muni láta sjá sig á laugardaginn. „Við reiknum alla vega með Árnafélaginu en félagið skipa Árni Sveins, Árni Einar, Árni Fil, Árni Grétars, Matthías Árni sem við köllum alltaf Árna og Árni Johnsen verður mjög líklega þarna líka. Við fílum hann reyndar ekki en af því að hann heitir Árni þá fær hann inngöngu í Árnafélagið," segir Árni léttur og heldur áfram að útskýra starfsemina. „Árnafélagið hitar alltaf upp í Árnagarði. Þar sturlast Árnafélagið alltaf til að peppa sig fyrir tónleika." En var Árnafélagið þá ekki ánægt með frammistöðu hins 19 ára Árna Vilhjálmssonar sem skoraði tvö mörk fyrir Breiðablik í fyrstu umferð Pepsi-deildarinnar? „Jú, hann er á gestalista. Þú mátt tilkynna það opinberlega að Árni Vil í Breiðablik er á gestalista."
Að sögn Árna er nóg framundan hjá hljómsveitinni en þau eru þessa dagana að taka upp nýja plötu og eins eru þau á leið til Skopje og Aþenu til að skemmta lýðnum þar ytra. „Svo reynum við að taka lífinu létt og vera geheheggjuð," segir Árni léttur, ljúfur og kátur að lokum. *jrj*

MONITOR MÆLIR MEÐ...

FYRIR MACMENN

Apple-vöru-verslunin **Macland** hefur staðið sig vel undanfarin misseri í því að þjóna aðdáendum Apple-vara. Verslunin hefur verið staðsett í gamla Sirkus-húsinu við Klapparstíg og hefur starfsfólkið alltaf lagt upp úr góðu verði og hraðri þjónustu hvort sem það er í viðgerðum eða almennri sölu. Nú er Maclandið búið að færa sig um set og því upplagt að heimsækja verslunina að Laugavegi 17.

FYRIR SUMARIÐ

Sýnishornasala Nike fer fram um helgina, dagana 10., 11. og 13. maí. Þar verður opið frá 12:00-18:00 alla dagana í húsakynnum Icepharma, Lynghálsi 13, 110 Rvk. Einnig verður opið í Nike-verslun sem er staðsett á sama stað, en þar verður hægt að skoða nýjasta úrvalið af Nike Free-skóm og annarri nýrri vöru í öllum litum og gerðum. Er nokkur maður með mönnum í dag nema hann eigi Nike Free-skó?



VIKAN Á FACEBOOK

Margrét Herdís Jónsdóttir
Fékk mjög góða verklega æfingu fyrir prófið á föstudaginn í sakamálaréttarfari þegar ég var tekin af löggunni í hádeginu fyrir að keyra á ljósastaur. Ákvað að nýta tækifærið á meðan ég var í löggubílnum og spurja lögreglumennina hvort ég væri sakborningur og þuldi upp fyrir þeim í kjölfarið réttarstöðu mína sem slíkur (sem ég var nýbúin að beinagrinda). Skiljanlega þá tóku þeir mig alls ekki alvarlega og eftir að hafa sagt mér að þetta væri nú bara umferðaróhapp spurðu þeir mig hvort þeir mættu taka mynd af mér (pottþétt til að hlægja meira af mér) og gerðu síðan grín af bílnum mínum. 28. apríl kl. 21:49

Kjartan Atli Kjartansson
Vonbrigði dagsins að mæta á hárgreiðslustofu, með pantaðan tíma, og svo mætir klipparinn ekki. Ég tók þá ákvörðun að ég þyrfti klippingu og leyfði mér að ala með sjálfum mér óbeit á eigin hári, því ég gaf mér það að ástandið myndi lagast. Núna er ég ómögulegur, þrátt fyrir sjálfsagða, hefðbundna fegurð. Þetta er fyrsta heims vandamál, en fokkitt, ég þarf klippingu. 3. maí kl. 15.44

Tómas Young
Tvö kvöld búin á Spot-festival. Það var ekki fyrr en á litlum bar langt eftir miðnætti í kvöld sem ég sá trommusett í fyrsta sinn notað á tónleikum #callmeoldfashioned #atvinnuleysitrommaraíuppsigl-ingu 4. maí kl. 12:37

www.facebook.com/monitorbladid

BLAÐIÐ Í TÖLUM

17 ár eru síðan Árni Vilhjálmsson kláraði Hagaskóla

4630 tíst fara í loftið á sekúndu á Twitter

248 kílómetra keyrði Jóhanna María vikulega ásamt móður sinni

5 íslensk celeb hefur gudpola spottað

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lísa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Árni Sæberg (saeberg@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

GA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFS

Riddarinn kveður

Nánast allir íþróttamiðlar heimsins voru undirlagðir í gær af fréttum um þjálfaragoðsögnina Sir Alex Ferguson. Twitter logaði, Fésbókin stóð á öndinni og svei mér þá ef fólk Snapchattaði ekki bara líka sínum fyrstu viðbrögðum.

Það skiptir raunar ekki máli hvort þú sparkir með hægri eða vinstri, allir sem hafa áhuga á knattspyrnu hafa skoðun á þessum manni. Þeir sem styðja Manchester United hafa sjálfsagt grátið í einhverja stund áður en þeir hugguðu sig við þá staðreynd að maðurinn skilur eftir sig ansi magnaðar minningar fyrir United-stuðningsmenn. Þeir sem svo aftur á móti styðja önnur lið og ganga jafnvel svo langt að hata Rauðu djöflana sjá kannski fram á bjartari tíma en eitthvað segir mér þó að flestir, ef ekki allir tuðrusparksunnendur muni kveðja riddara Ferguson fullir virðingar og hlýju í hans garð.

Það átta sig nefnilega allir á því að það er ekki á hverjum degi sem svo sigursælir þjálfarar koma fram á sjónarsviðið í heimi íþróttanna. Á þeim 26 árum sem hann hefur haldið í stjórnartaumana hjá United hefur liðið unnið hvorki meira né minna en 38 titla og þar af 13 Englandsmeistaratitla. Ferguson kann listina að sigra og hefur hvað eftir annað sýnt að hann kann að búa til sigurlið. Þegar lykilleikmenn hurfu á braut þá fann hann menn í þeirra stað sem í flestum tilfellum voru fljótir að sogast inn í sigurhefðina.

Sjálfur hef ég alla tíð haldið með Liverpool og því kann einhverjum að þykja það skrýtið hve mikið ég get lofsungið þjálfara erkifjandanna frá Manchester-borg. En ég segi það satt að ég hefði ekki grátið það ef Liverpool hefði verið þess heiðurs aðnjótandi í rúma tvo áratugi að njóta krafta álíka sigurvélar og upplifa um leið þá staðfestu sem hefur verið við lýði í herbúðum United. Án þess að blikna þakka ég Sir Alex Ferguson fyrir hans framlag til íþróttarinnar og óska honum velfarnaðar í framtíðinni. En hvort ég óski arftaka hans slíkrar gæfu er aftur á móti alls kostar óvíst! *Fótboltakveðja, JRJ*

nemi er nefndur

HRaðskreiður fjallabrunari

Ingvar Ómarsson *er að læra tölvunarfræði í Háskólanum í Reykjavík en auk þess er hann Íslandsmeistari í fjallahjólreiðum.*

Hvers vegna valdir þú tölvunarfræðina?

Ég er fyrst og fremst vefforritari og hönnuður og ákvað að fara í námið til að styrkja mig í öðrum tungumálum, læra forritunaraðferðir, samskipti við viðskiptavini og aðra tölvunarfræðinga, og skoða aðra möguleika í faginu.

Hvenær byrjaðir þú að stunda fjallahjólreiðar?

Ég uppgötvaði hjólreiðar árið 2005 þegar ég sá keppni í Úlfarsfellinu í svoköllуðu fjallabruni, en þá bruna menn niður fjöll á stórum fjallahjólum á ofsahraða. Ég byrjaði að keppa sama ár, en bætti svo við hefðbundnum fjallahjólreiðum fyrir um tveimur árum, auk þess að keppa á götuhjólum síðan í fyrra. Hápunktur ferilsins kom svo í ágúst í fyrra þegar ég sigraði Íslandsmeistaramótið í fjallahjólreiðum. Eftir það hefur gengið mjög vel, allt er á uppleið. Gaman að segja frá því að í síðustu viku sigraði ég úrtökumót fyrir Smáþjóðaleikana sem verða í lok maí. Með sigrinum gerðist ég hluti af landsliðinu í hjólreiðum og fer til Lúxemborgar til að keppa með hópi af besta hjólreiðafólki Íslands.

Nú stundar þú líka svokallað cyclocross, hver er munurinn á því og fjallahjólreiðum?

Cyclocross-hjól er eins og götuhjól á grófum dekkjum. Keppt er á grasflötum, sandi, mold og drullu og eru keppnirnar ekki voðalega tæknískar, en mjög hraðar og taka mjög á, enda er bara keppt í 45 mínútur. Fjallahjólamót eru vanalega um 90 mínútur og er keppt á töluvert grófari brautum, sem innihalda grjót, möl, trébrýr, hluti sem þarf að stökkva yfir eða fram af og svo framvegis.

Hvað æfir þú þig mikið á hjólinu?

Ég æfi um það bil 15 klukkutíma á viku, en utan þess fer mikill tími í hvíld, teygjur, styrktaræfingar og fleira. Ég æfi mest á götuhjóli eða cyclocross-hjóli yfir veturinn, en þar sem ég sérhæfi mig í fjallahjólreiðum eyði ég miklum tíma á fjallahjólinu yfir sumarið.

Hvernig fer sportið saman við námið?

Þetta fer vel saman, þegar maður getur raðað tímanum. Ég æfi ekki á mjög föstum tímum þannig að það er fínt að geta skipt upp tímanum sem fer í skólann, klára verkefni eða horfa á fyrirlestur og fara svo út í 2-3 tíma að hjóla. Flæðið er gott og yfirleitt er tími til að koma öllu í verk.

Svo tölvunarfræðin er ekki bara fyrir sveitta nörda?

Alls ekki. Ég þekki ótal marga hjólreiðamenn sem eru forritarar, tölvunarfræðingar, kerfisfræðingar og jafnvel forstjórar í tölvufyrirtækjum. Tölvunarfræðingar eiga það til að sækjast í jaðarsportin, sérstaklega ef græjufíknin fær að fylgja með. Í hjólreiðum skipta græjurnar miklu máli og finnst flestum gaman að sökkva sér í græjuskapinn. Ég held að ímynd forritarans sé að breytast töluvert, við erum ekki lengur sveittir lúðar, heldur fólkið sem færir almenningi framtíðina.

Átt þú þér fyrirmynd í hjólreiðunum?

Já, ég held mikið upp á hjólreiðamanninn Jaroslav Kulhavy, en hann keppir í fjallahjólreiðum fyrir Specialized. Hann er fyrrverandi heimsmeistari og vann síðast gull á Ólympíuleikunum 2012. Hér á Íslandi myndi ég segja að ég haldi mest upp á manninn sem bjó til áhuga hjá mér á sportinu, en hann er Hafsteinn Ægir Geirsson.

Hver er stefnan í sumar?

Í sumar ætla ég að keppa í fjallahjólreiðum og götuhjólreiðum, en einnig verð ég að forrita og hanna sem sumarstarfsmaður hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Dohop.

Hvað er það besta við HR?

Ég myndi segja að það séu kennararnir og aðstaðan. Það er frábært að eyða deginum í skólanum og læra í friði, en kennararnir eru einnig frábærir, og mestu snillingarnir hafa gott lag á að koma frá sér visku.

Mynd/Rósa Braga

ENNEMM / SÍA / NM57769

Seturðu hvað sem er upp í þig?

Munntóbak er ógeð!

VÍNBÚÐIN

MONITORMYND VIKUNNAR

@ofmonstersandmen Long lost brothers

@arongunnarsson Yeh boiiii

@rurikgislason Danskur meistari í fyrsta skipti!!! **#champions #FCK**

#monitormynd

Sérð þú lífið í filter? Monitor líka! Það er mikill sigurbragur á Instagram-myndum vikunnar bæði á fótboltavellinum og svo auðvitað í OMAM-ævintýrinu. Er það ekki sigur að vera í SNL?

Ert þú í Instahring Monitor? Merktu þína mynd með **#monitormynd** og vertu með í gleðinni. Myndirnar birtast sjálfkrafa á nýja vefsvæðinu okkar, **monitor.is**, auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.

@emmsjegauti #vin8

@gudpola Celeb spottað í Smàrabíó **#iceceleb**

@gudpola Celeb spottað í flugvél à leið til Íslands. Vol 2 **#iceceleb**

@gudpola Celeb spottað í Ohio. Vol 3 **#iceceleb**

@gudpola Celeb spottað vol4. Working out. Kom með sinn eigin hàrblásara. **#iceceleb**

@gudpola Celeb spottað vol5. Djammin. **#iceceleb**

Kaffi á Bifröst eða Xinjiang grill í Beijing?

Hvort sem þig langar í markvisst nám í friðsælu háskólaþorpi, fjarnám eða ævintýri í skiptinámi erlendis þá er grunnnámið við Háskólann á Bifröst eitthvað fyrir þig.

HHS – Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði
Fyrir fólk sem vill starfa við fjölmiðla, almannatengsl, stjórnmál og skapandi störf.
www.hhs.bifrost.is

Viðskiptafræði
Hagkvæm viðskiptafræði þar sem nemendur geta útskrifast með viðskiptaáætlun.
www.vidskiptafraedi.bifrost.is

Viðskiptalögfræði
Nemendur útskrifast sem lögfræðingar með greinargóða þekkingu á viðskiptalífinu.
www.vidskiptalogfraedi.bifrost.is

Opið fyrir umsóknir til 15. júní á bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

á belg & biðu

APPAÐU ÞIG Í GANG...

Síminn verður **skanni**

Í nútímasamfélagi á maður það til að þurfa að senda ýmis skjöl langar leiðir, jafnvel á milli landa og oft og tíðum þarf maður að skanna slík skjöl inn.

Smáforritið TurboScan ætti að auðvelda öllum iPhone- og iPad-eigendum þennan verknað því forritið breytir snjallsímanum eða spjaldtölvunni í skanna sem getur skannað margar blaðsíður af skjölum, kvittunum, minnispunktum og öðrum textaskjölum. Þegar skönnun lýkur getur þú á fljótlegan máta sent nýja skjalið sem PDF- eða JPEG-skrá. Forritið kostar 1,99 dollara.

BÆTINGARÁÐ BERGS

Skyndibita- **stærðfræði**

Hálf 16” Dominos Pizza með pepperoni og ananas er í kringum 1100 kcal. Það tekur 75 kg einstakling sem hleypur á 10 km/klst rétt rúma 1,5 klst að brenna henni.

Ítalskur 12” B.M.T á Subway er u.þ.b 820 kcal. Hann innheldur 92 g kolvetni, 40 g prótín og 32 g fitu. Það tekur 75 kg einstakling tæpan klukkutíma að brenna honum.

KFC Zinger Tower er í kringum 890 kcal. Það tekur 75 kg einstakling sem hleypur á 10 km/klst hraða rétt rúma klukkustund að brenna honum.

Bergur er fyrrverandi frjálsíþróttakappi og starfar sem ÍAKeinka-þjálfari hjá Reebok Fitness. Skoðaðu fleiri ráð á ***www.facebook.com/baeting***

Bætingaráð Bergs

ÍSL-ENSKUR TEXTI

Daft Punk og Pharrel Williams - **Get Lucky**

We’ve come too far to give up who we are

So let’s raise the bar and our cups to the stars

She’s up all night ‘til the sun
I’m up all night to get some
She’s up all night for good fun
I’m up all night to get lucky

Við höfum komið of langt til að gefa upp hver við erum
Svo skulum hækka bar og bolla okkar til stjarnanna

Hún er í alla nótt ‘Til sólu
Ég er upp alla nóttina að ná í
Hún er í alla nótt fyrir góða skemmtun
Ég er upp alla nóttina að fá heppinn

Takk, Google Translate

EINTÓM ÞVÆLA

Unnur Gunnur Unnarsdóttir hefur um árabil gefið öðrum mönnum undir fótinn í návist eiginmanns síns, Lýðs.

Aftur á bak inn í framtíðina

Tíminn flýgur áfram og hann teymir mig á eftir sér, kvað meistari Megas. Textabrot þetta ómar af og til í höfði mér, einkum þegar ég glími við einn af vöndum hversdagslífsins. Ég er nefnilega haldinn einhvers konar ólæknandi fortíðarþrá.

Ég er þannig gerður að ég einblíni alltaf aftur á bak í stað þess að líta brattur fram á veg – eða það sem enn betra er, að lifa fullkomlega í núinu. Sama hversu oft ég hef lesið viðtöl, heyrt popplög eða lesið sögur sem öll hafa mikilvægi þess að lifa í núinu sem meginboðskap, þá virðist það mér um megn að tileinka mér þetta. Líklega mætti segja að ég gangi aftur á bak inn í framtíðina.

Nú kann ef til vill einhver lesandi að hugsa að þar sem undirritaður er bara rétt að skríða inn í þrítugsaldurinn sé hér bara um að ræða einhvers konar „póst-menntaskólaþunglyndi“, einhvers konar þrá í það að fá að vera „ungur og vitlaus“ ögn lengur, sem rjátlast af mönnum með tíð og tíma, en að mínu viti er vandamálið flóknara en það. Það segi ég því fyrsta viðureign mín við fortíðarþrá þessa átti sér stað ansi snemma á lífsleiðinni.

Ég minnist þess að hafa verið sex ára gamall þegar ég gróf upp myndbandstuppökur sem foreldrar tóku af mér frá því ég var um tveggja ára aldur. Ég segi óstoltur frá þessu, en eftir að hafa horft á myndböndin fór ég að skæla. Ég grét af þeirri einföldu ástæðu að mér fannst svo sárt að hugsa til þess að ég yrði aldrei aftur „jafnkrúttlegur“ og ég var á upptökunni. Ég gat einfaldlega ekki sætt mig við að þeim kafla lífs míns væri lokið (eða svo taldi ég að minnsta kosti, sex ára gamall).

Upp frá þessu táraflóði hef ég tekist á við þennan vanda minn aftur og aftur. Ég fór á Shell-mótið í Vestmannaeyjum og fannst erfitt að fara heim aftur. Ég tók þátt í leikriti í barnaskóla og átti erfitt með að sætta mig við að sýningatímabilið væri ekki endalaust. Mér fannst erfitt að kveðja grunnskólann minn. Og svo menntaskólann. Ég skrepp til útlanda í frí og byrja leynt og ljóst að kvíða heimfarar á fyrsta degi. Sem sagt, eitt það erfiðasta sem ég geri er að skilja við eitthvað tímabil sem mér hefur þótt ánægjulegt, hvort sem það varir lengi eða stutt.

Ef einhver lesandi kann lausn við þessum vanda, má hann gjarnan setja sig í samband við mig. Ef hún er ekki til væri engu að síður ljúft og jafnvel huggandi að heyra frá einhverjum sem er í svipaðri krísu. Við gætum jafnvel stofnað klúbb. Þangað til verð ég líklega bara að viðurkenna þetta sem hluta af sjálfum mér og læra að lifa með því. Á þeim nótum gæti ég reyndar mögulega reynt að vera ofurjákvæður, snúið vörn í sókn og tekið upp nafnið Gígja, en eflaust myndi ég samt bara eiga erfitt með að sætta mig við að þá væri tímabili mínu sem Einar væri lokið.

Bestu kveðjur,
Nostal-Gígja

ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson
einar@monitor.is @EinarLovdahl

VIKTOR OG BRYNJAR ERU ALLTAF SLAKIR Á KANTI

FRASAKÓNGARNIR

Iðnaðar-

Allir muna eftir umræðunni um iðnaðarsaltið í fyrra. Saltið var í raun gervisalt. Þeir hlutir sem búið er að eiga við á einhvern hátt geta því borið forskeytið iðnaðar-.

Dæmi: *„Ólöf Hrönn er komin með stærri barm, er það ekki?“*
„Jú, mikið rétt. Hún er komin með iðnaðarjúllur.“

Í hverri viku munu frasakóngarnir Brynjar Ásgeir og Viktor Örn kenna okkur nýjustu frasana og orðin svo við getum verið fersk í umræðunni hverju sinni.

10

leiðir til að fagna próflokum

Það er kannski ekki komið að því enn hjá ykkur öllum lesendur góðir en það styttist í próflok og lengi má láta sig dagdreyma um gleðina sem þeim fylgja.

1 **FARÐU Í KLIPPINGU.** Hristu af þér prófljótuna með léttari lokkum.

2 **HALTU BÓKABRENNU.** Ef öfgatrúarmenn mega brenna Harry Potter hlýtur þú að mega brenna stærðfræði 503.

3 **FARÐU Í SUND.** Það er alveg sama þó það sé ennþá kalt úti. Þú ert búinn að horfa löngunaraugum út í gluggaveðrið síðasta mánuðinn og nú er komið að þér að njóta þess.

4 **KYSSTU EINHVERN.** Ekkert lýsir hamingjustundum jafn vel og einn góður rembingskoss.

5 **FARÐU Á PRÓFLOKADJAMM.** Taktu gleðinnar dyr á rólegu skokki og örvæntu ekki þó þú gerir eitthvað smá af þér. Það mun enginn muna eftir því næsta haust.

6 **HLAUPTU NEKTARHLAUP.** Í Bandaríkjunum tíðkast svokallað „streaking“ víða við próflok. Safnaðu í gott hlaupateymi og taktu einn hring í kringum Öskjuhlíðina.

7 **BORÐAÐU EITTHVAÐ STÓRFENGLEGT.** Ef þú áttir einhvern tímann skilið tvöfaldan bernaise-borgara með beikoni þá er það núna.

8 **SKIPTU UM HRINGITÓN.** Stilltu hringitóninn þinn á „School’s out (for summer)“ með Alice Cooper og taktu smá sigurdans í hvert sinn sem síminn þinn hringir.

9 **SJÁÐU ALLA ÞÆTTINA.** Horfðu á alla þættina sem þú hefur ekki haft tíma til að sjá síðasta mánuðinn. Horfðu líka á alla þættina sem þú nenntir hvort eð er ekki að horfa á, bara af því þú getur það.

10 **DEILDU GLEÐINNI MEÐ ÖÐRUM.** Keyptu þér tuttugu pakka af frostpinnum og gefðu fólki á förnum vegi svo það geti einnig átt hlutdeild í hamingju þinni.

VÍSINDAVEFURINN

Af hverju er sagt **þú færð börnin** *þegar gefin er rest af víni?*

Orðasambandið að fá börnin er komið úr heyskaparmáli. Síðasti rifgarður í flekk var kallaður karl ef kona lenti á að rifja hann og fékk hún þá karlinn. Hann hét hins vegar kerling ef karlmaður lenti á að rifja hann og fékk hann þá kerlinguna.

Það síðasta af rifgörðum í heyflekk kallaðist börn og að fá börnin var notað um að lenda í því að raka þessar leifar saman. Síðar var farið að nota orðasambandið í yfirfærðri merkingu um að fá það síðasta af einhverju, til dæmis af kaffi eða te í könnu.

PIPAR\TBWA • SÍA • 131359

„Gráða frá Háskóla Íslands er mikils metin á vinnumarkaði og eftir grunnnám hér eru mér flestir vegir færir.“

Ásbjörg Einarsdóttir, iðnaðarverkfræði

ÆTLAR ÞÚ
Í HÁSKÓLA Í HAUST?
OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. JÚNÍ

„Aðgengi að kennurum í Háskóla Íslands er gott og þeir eru alltaf tilbúnir að aðstoða við nám og verkefni.“

Yousef Tamimi, hjúkrunarfræði

VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS
– YFIR 400 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI

Spennandi nám og öflugt félagslíf í háskóla í fremstu röð.

www.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

TYGGÐU EXTRA
EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Grét í klukkutíma af gleði

Jóhanna María Sigmundsdóttir, *eða Hanna María eins og hún er gjarnan kölluð, verður í haust yngsti þingmaður lýðveldisins. Hún ræddi við* **Monitor** *um lífið í sveitinni, Snapchat-fíknina og morguninn eftir kosninganóttina.*

Síðasta sem ég...

Síðasta *borg* sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Brussel. Ég var þar á landbúnaðarsýningu síðasta sumar.

Síðasti *veitingastaður* sem ég borðaði á: Nings. Ég fékk mér svínakjöt í satay hnetusósu. Mjög gott.

Síðasta *biómynd* sem ég horfði á: Ég horfi voða lítið á biómyndir en síðast í gær horfði ég á uppistand með Jimmy Carr. Svartur húmor að mínu skapi.

Síðasti *hlutur* sem ég keypti mér: Ég keypti mér hvítan kjól fyrir fyrsta þingflokkshittinginn.

Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti *vænt* um hann: Það var í gærkvöldi við Sædísi Ólöfu, vinkonu mína.

Þann 28. apríl síðastliðinn var blað brotið í Íslandssögunni þegar Jóhanna María Sigmundsdóttir, fjórði þingmaður Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi, varð yngsti þingmaður sem kosinn hefur verið frá upphafi Alþingis árið 1845. Þessi 21 árs gamla snót var alin upp í sveitinni og segir það í raun enga tilviljun að hún sé komin inn á þing enda hafi hún alltaf haft áhuga á pólitík. Hún neitar því þó ekki að það hafi verið eilítið skrýtið þegar það fékkst staðfest að hún myndi eyða flestum stundum við Austurvöll næstu fjögur árin. Blaðamaður Monitor spjallaði við þessa líflegu og ákveðnu konu úr Ísafjarðardjúpinu um lífið í sveitinni, neftóbakið á Hvanneyri, morguninn eftir kosninganóttina, Snapchat-fíknina og allt þar á milli.

Texti: Jón Ragnar Jónsson jonragnar@monitor.is
Myndir: Árni Sæberg saeberg@mbl.is

Bara til að forðast allan misskilning, þú ert ekki dóttir Sigmundar Davíðs, er það?

Nei, en ég er frænka hans lengst aftur í ættir. Foreldrar mínir eru Sigmundur Hagalín Sigmundsson og Jóhanna María Karlsdóttir, bændur að Látrum í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp.

Hvernig var það að alast upp á sveitabæ?

Það var frábært. Maður fékk allt aðra sýn á hlutina, maður var miklu frjálsari og lék sér meira úti. Ég var mikið innan um dýr og fékk að vinna og takast á við umhverfið.

Þú gekkst í Grunnskólann á Ísafirði. Var langt að fara í skólann?

Við getum orðað þetta sem svo að mamma og pabbi voru í fjarbúð frá því ég byrjaði í grunnskóla. Við bjuggum ýmist inni á einhverjum skyldmennum eða vinum eða þá við leigðum íbúð. Við keyrðum svo alltaf inn í Djúpið um helgar og aftur á Ísafjörð á sunnudögum en það eru 124 kílómetrar til Ísafjarðar heiman frá mér. Maður vandist þessu samt fljótt þó maður þyrfti stundum að fórna einhverjum afmælum og öðrum uppákomum til að geta farið heim til pabba.

Hvernig voru grunnskólaárin?

Ég fann mig aldrei í skólanum á Ísafirði þó svo ég hafi ekki verið lögð í einelti eða neitt svoleiðis. Raunar var einn strákur sem ætlaði að reyna að leggja mig í einelti en ég tók hann á bak við skóla og lamdi hann (hlær). Ég bara átti aldrei samleið með krökkunum þar og það var svolítið erfitt að vera stelpan úr sveitinni.

Svo tókstu 10. bekk í Hveragerði, hvernig var tíminn þar?

Það var rosalega gott fyrir mig að flytja þangað. Þar tók ég út gelgjuna, fékk að hlaupa af mér hornin og blómstra. Ég átti miklu meiri samleið með krökkunum þar heldur en á Ísafirði. Það var minna um klíkuskap. Á Ísafirði vorum við vinkonurnar svolítið þær sem voru valdar síðastar í leikfimi og annað.

Sá hlær best sem síðast hlær.

Það segi ég í dag.

Þegar grunnskólagöngunni lauk lá leiðin í bæinn, nánar tiltekið í Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Hvernig upplifðir þú árin í FB?

Þau voru mjög góð. Ég ætlaði að taka náttúrufræðibraut á þremur árum enda komin með afrekaveikina. En sem betur fer talaði pabbi mig ofan af því, hann sagði mig of mikla félagsveru til að vera bara ofan í bókunum. Það er besta ráðlegging sem ég hef fengið því þar fékk ég tíma til að blómstra. Ég fór í Morfís-liðið, tók mikinn þátt í félagsstörfum og eignaðist fullt af góðum vinum sem ég held ennþá sambandi við í dag.

Var þátttaka þín í Morfís fyrsta skrefið í átt að Alþingi?

Já, það má nú alveg segja það. Það er skemmtileg tilviljun að ég fór á ræðunámskeið hjá manni sem heitir Jóhannes Þór en hann starfar í dag sem aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs. Mér fannst þetta rosalega gaman og hann fór yfir það með manni hvernig maður á að tala og hvernig maður á að bera sig. Ég hafði hans ráð að leiðarljósi á Morfís-árunum og þetta varð til þess að feimnin minnkaði og sjálfsöryggið jókst.

Þú byrjar í FB haustið 2007 og eftir vel heppnuð ár þar dreifstu þig í Bændaskólann á Hvanneyri haustið 2010. Vissir þú alltaf að þú værir á leið þangað?

Já, í raun og veru. Alltaf þegar ég var að velja mér fög fyrir hverja önn passaði ég að það væru fög sem myndu nýtast mér í því námi sem mig langaði í. Leið mín lá alltaf að lokum í Bændaskólann á Hvanneyri. Það voru samt blendnar tilfinningar þegar ég loksins dreif mig og félagi minn þurfti að stappa í mig stálinu og minna mig á að ég væri búin að bíða lengi eftir þessu tækifæri. Ég sá nefnilega fyrir mér að engum myndi líka við mig því ég kom úr Reykjavík. Svo sá ég það fyrsta daginn að krakkarnir horfðu mikið á mig þar sem ég kom inn á hælastígvélunum og snjóþvegnu gallabuxunum og seinna sögðu krakkarnir mér að þau hefðu hugsað: „Æi, er hún að villast greyið?“

Áttir þú þá bara að mæta í túttunum?

Það fyndna er að ég labba inn og allir voru annað hvort í gúmmítúttum, lopapeysu, vinnuskyrtu eða takandi í nefið. Ein stúlkan, sem er vinkona mín í dag, var takandi í nefið þarna fyrsta daginn og ég hugsaði með mér að ég væri á röngum stað enda átti ég hvorki gúmmítúttur né lopapeysu þegar ég byrjaði þarna. En svo fann maður það fljótt að þetta voru krakkar sem skildu mig og ég þá.

Félagar þínir í Bændaskólanum segja þig hafa mikla óbeit á Zetor-dráttarvélum. Hvers vegna ert þú svona mikill Ferguson-aðdáandi?

Fyrir utan það að Ferguson er bara málið? Þetta verður mikið til út frá þeirri vél sem fólk lærir á í fyrsta skipti. Ég keyrði fyrst Ferguson 365 og svo eigum við þrjátíuogfimmu, hundraðþrjátíuogfimmu og allan þennan skala svo ég ólst upp við Ferguson. Á öðrum bæjum eru svo stundum önnur dráttarvélamerki og því myndast þessi rígur. Ég segi að það þurfi baggabönd til að halda Zetor saman, hann geti bara tekið af stað í brekku og svo framvegis. Zetor er bara algjört drasl (hlær).

Svo um jólin eftir fyrstu önnina þína í Bændaskólanum þá færðu þér húðflúr á ristina. Var einhver sérstök ástæða fyrir því?

Mig hafði langað lengi í tattú en sem betur fer höfðu foreldrar mínir frestað því töluvert hjá mér því ég var í raun ekkert pottþétt á því hvað mig langaði í fyrr en á þessari stundu. Lagið Thank You með Dikta náði vel til mín á sínum tíma og þessi setning „Broken wings can't stop me from flying“ greip mig rosalega því ég er ekki mikið í því að láta fólk stoppa mig af. Ég losa mig fljótt við fólk sem reynir að halda aftur af mér. Ég gekk með þessa hugmynd í maganum í dágóðan tíma og fékk þetta svo í jólagjöf frá foreldrum mínum.

Og þú ert að fara í tattú núna í júní? Ertu komin með tattú-fíknina?

Ég er kannski aðeins penni í þessu. Ég vil bara fá mér tattú á staði þar sem ég get falið þau þegar mér finnst þau ekki eiga við og eins vil ég ekki hafa neina liti í þeim. Ég vil líka ganga með þau í maganum í ár eða tvö áður en ég fæ mér þau svo ég sé alveg örugg.

Vinir þínir sögðu mér að tvítugsafmælið þitt hafi verið eins og eitt stykki útihátíð þar sem allt var fljótandi í mat og drykk heila helgi og dansað var fram eftir nóttu á sveitaballi í Ögri. Ertu alltaf svona gestrisin?

Þarna var útihátíðin Halló Hanna haldin í fyrsta skipti og er það á planinu að halda hana á tveggja ára fresti. Hátíðin er haldin heima hjá mér og foreldrar mínir eru meira að segja æstari en ég í þessu. Þau passa upp á að það sé nóg að borða, síðast var elduð kjötsúpa í 20 lítra potti, svið voru soðin fyrir 50 manns og hangikjöt fyrir 100 manns. Þau eru rosalega hress og ég myndi segja að við séum gestrisin fjölskylda. Stefnan er svo að halda Halló Hönnu í sumar þar sem vinir og ættingjar mæta og slá upp tjaldbúðum á túninu (brosir).

Í mars varstu kosin formaður Samtaka ungra bænda og eins hefur þú séð um rollurnar á þínum heimabæ. Hafa réttindi bænda verið þér ofarlega í huga síðan í barnæsku?

Ég tók alveg út mína gelgju þar sem mér fannst ótrúlega asnalegt að vera úr sveit. En þegar ég var 16 ára fór ég að væla í pabba um að fá að gerast meðlimur í búnaðarfélaginu heima og þá fór mér að finnast það sem pabbi var að gera mjög spennandi en hann hefur alltaf verið mikið í félagsstarfi bænda, meðal annars fyrir kúabændur og sauðfjárbændur. Það er oft ábótavant að fólk leyfi börnunum sínum að taka þátt en það mótaði mig mikið að fá að keyra dráttarvélarnar eða að fara ein og gefa. Svo þegar ég byrjaði á Hvanneyri sá ég öll mögulegu tækifærin sem til eru þar sem hægt er að koma sínum skoðunum á framfæri og nýta sinn styrk. Svo áður en ég vissi af var ég komin í búnaðarfélagið heima og orðin varabúnaðarþingsfulltrúi og farin að starfa með ungum bændum og félagi ungra bænda á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Var þetta upphafið að áhuga þínum á pólitík?

Já og nei. Ég hef alltaf verið pólitísk. Ég hef verið svolítið skrýtin með að hafa áhuga á henni og hlusta á ræður á Alþingi og skoða tillögur og frumvörp sem snúa að mér og mínum högum. Eldri bróðir minn var líka mikið í pólitík og eins var ég kölluð Guðni Ágústsson þegar ég var í Fjölbraut í Breiðholti. En þetta æxlaðist þannig að ég var farin að vinna fyrir unga Framsóknarmenn en ég var kosin varaformaður þar á sambandsþinginu í vetur. Svo allt í einu var ég komin í framboð svo þetta gerðist frekar hratt allt saman.

> *Raunar var einn strákur sem ætlaði að reyna að leggja mig í einelti en ég tók hann á bak við skóla og lamdi hann...*

Þú verður yngsti þingmaður lýðveldisins. Gunnar Thoroddsen, fyrrverandi forsætisráðherra, átti metið á undan þér en hann var 23 ára og 177 daga þegar hann var kosinn á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn árið 1934. Hvernig var tilfinningin þegar ljóst var að þú værir komin á þing?

Þetta var ólýsanlegt. Ég fór að sofa klukkan fimm um kosninganóttina og þá hafði ég verið inni og fjölmiðlar voru farnir að hringja í mig og spyrja mig hvernig tilfinningin væri. En ég bað þau um að halda í hestana sína því þetta gæti alveg breyst. Það var líka raunin að ég datt út seinna um nóttina en svo vakna ég um morguninn og var með óvenjumörg sms og „missed calls“. Fyrsta sms-ið sem ég sé voru hamingjuóskir frá bróður pabba sem hafði ekki kosið síðan hann var 18 ára en fór núna sérstaklega til að kjósa mig. Eins fékk ég sms sem í stóð „haltu á ketti hvað þú ert komin inn á þing.“ Ég lá í smá stund en spratt svo upp til að kíkja á fréttamiðla og sá þá að ég væri komin inn á Alþingi. Þegar ég átta mig á því að þetta var staðfest þá sat ég heima hjá bróður mínum á Ísafirði, táraðist og táraðist og grét í klukkutíma af gleði enda ótrúlega þakklát.

Kom aldrei upp augnablik þar sem þú hugsaðir: „Hólí mama, hvað er ég búin að koma mér út í?“?

Alveg klárlega nokkrum sinnum. Þegar ég datt inn þarna um nóttina þá fór ég að hugsa hvort það væri gott eða slæmt ef þetta myndi halda. Eins þegar ég fór að mælast inni í skoðanakönnunum þá hugsaði ég alveg: „sjitt, sjitt.“ Ég gerði mér aldrei neinar vonir og bjóst allt eins við því að detta út á kosninganóttinni. Ég var í raun búin að hugsa hvað ég yrði sátt við að verða varaþingmaður. En svo fikraði ég mig nær þessu smám saman og er auðvitað mjög spennt fyrir þessu verkefni í dag.

Og á svo að rífa kjaft í pontu í haust?

Já, ætli það ekki. Um daginn fórum við í túr um Alþingishúsið og þá sá ég einmitt hvað þingsalurinn er miklu minni en hann virðist vera í sjónvarpi. Svo hugsaði maður með sér: „hérna verð ég næstu fjögur árin.“ Svo horfði ég á púltið og hugsaði: „hvað ætla ég eiginlega að segja?“ En ég efast ekkert um það að ég, ásamt mínum góðu vinnufélögum, verð búin að fara yfir þetta allt saman og undirbúa mig vel. Það eru margir sem þurfa að fara með jómfrúarræðu í ár.

Þú ert ung kona úr sveitinni. Finnst þér þú vera rödd ungs fólks, kvenna og bænda allt í senn?

Ég vona að fólk geti litið svo á. Ég hef hingað til alltaf hvatt unga fólkið í kringum mig til að halda áfram og aldrei gefast upp. Ég segi það oft að til að forðast gagnrýni þá þarftu að segja ekkert, gera ekkert og vera ekkert. Það er eitthvað sem ég vil ekki vera þekkt fyrir og því er ég óhrædd við gagnrýni og hvet fleiri til að temja sér slíkt viðhorf. Ég hef eins hvatt stelpur til að nýta öll þau tækifæri sem í boði eru og ég vona líka að bændur sjái að ég tali máli landbúnaðarins.

Heldur þú að þú munir breytast mikið? Þarft þú til dæmis að skipta út öllu í fataskápnum?

Ég hef aldrei leyft fólki að breyta mér mikið og ég held að persónan ég sé ekkert að fara að breytast.

JÓHANNA Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 280691.
Það fyndnasta sem ég hef séð á netinu: Það nýjasta er síðan þar sem eru myndir af Sigmundi Davíð að horfa á hluti.
Það sem fékk mig helst til að nenna fram úr í morgun: Ég vissi að ég átti að mæta í viðtal.
Það sem veldur mér helst hugarangri þessa stundina: Hvort ég nái öllum sauðburðinum heima.
Svona fallbeygir maður orðið kýr: Hér er kýr, um kú, frá kú, til kýr.
Svona fallbeygir maður orðið ær: Hér er ær, um á, frá á, til ær.
Æskuátrúnaðargoð: Guðni Ágústsson (hlær). Ég ætlaði alltaf að verða landbúnaðarráðherra þegar ég var lítil.

> *Ég segi það oft að til að forðast gagnrýni þá þarftu að segja ekkert, gera ekkert og vera ekkert...*

Vissulega þarf ég að vanda orðavalið og minnka sveitabölvið. Svo þarf ég að taka fatasköpinn aðeins í gegn út af vissum reglum sem gilda en ég er með gott fólk í kringum mig sem mun hjálpa mér í þeim efnum. En fyrst og fremst mun þetta þroska mig.

En munt þú ekkert geta leikið þér? Ætlar þú ekki að senda vinum þínum myndbönd á Snapchat af Katrínu Jakobs eða setja mynd af Guðbjarti Hannessyni á Instagram?

Ég þekki ekki alveg reglurnar með þetta. En ég hef alveg séð einhverjar flippmyndir af samflokksfólki mínu á Instagram. En ég ætla að byrja á því að kynna mér þessar reglur áður en ég fer í einhverja vitleysu. Ég er Snapchat-fíkill og fólkið í kringum mig í flokknum er alveg búið að kynnast því. En ef þig langar að fá krassandi myndir af þinginu þá gerist þú vinur minn á Snapchat (hlær).

Er í lagi fyrir þingkonu að fara dántán á djammið?

Já, Alþingismenn djamma líka. Þegar ég var á framboðsfundi á Ísafirði fékk ég tilkynningu í símann minn um að einhver hafi merkt mig á mynd á Facebook. Þá var þetta mynd frá árshátíð ungra bænda þar sem ég var að dansa við Klóa kókómjólk. Ég hugsaði hvort ég ætti að afmerkja mig en hugsaði nú svo að það er í lagi að vera mannlegur enda fá þingmenn sér alveg í glas og fara með vinum sínum niður í bæ. Þingmenn þurfa samt bara að reyna, eins og allir, að haga sér. En ætli það verði ekki aðeins færri þunnudagar.

Mega gaurarnir á næturlífinu gefa þér undir fótinn eða ertu lofuð kona?

Það hafa allir svakalegan áhuga á þessu (hlær). En ég er einhleyp og barnlaus.

Hvar sérðu þig eftir fjögur ár, þegar fyrsta kjörtímabili þínu lýkur?

Ég reyni að plana ekki mikið fram í tímann. En draumurinn er að vera málsvari bænda og landbúnaðarins sama á hvaða vettvangi það er. Svo vona ég auðvitað líka að ég verði búin að láta gott af mér leiða á þinginu og að fólk verði ánægt með verk mín.

SMÁA LETRIÐ

KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft á aftur og aftur: Ég get alltaf horft á A Hard Days Night. Bítlarnir eru pjúra snilld.

Myndin sem ég felli tár yfir: The Pianist.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: Rat Race. Rowan Atkinson fer alveg á kostum.

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: Ég horfði aftur og aftur á sjónvarpsmyndina Sigla himinfley.

Versta mynd sem ég hef séð: Ég reyni að gleyma þeim eins fljótt og ég get. En ætli það hafi ekki verið American Pie þar sem golfgaurinn fær brjóstin.

TÓNLIST

Lagið í uppáhaldi þessa stundina: White Blank Page með Mumford and Sons.

Lagið sem kemur mér alltaf í gott skap: Útihátíð með Greifunum.

Lagið sem ég fíla í laumi: Superbass með Nicki Minaj.

Nostalgíulagið: Survivor með Destiny's Child.

Lagið sem ég syng í karókí: Don't Stop Believing með Journey.

FORM OG FÆÐI

Uppáhaldsmatur: Lambakjöt. Þú getur orðað það: „steik, steik, steik, steik, steik."

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Ég hef alltaf verið á megrunarkúrnum „Ég borða það sem mér þykir gott og mikið af því" og ég hef aldrei fallið í honum.

Versti matur sem ég hef smakkað: Fyrir utan ógeðisdrykkina sem við vinkonurnar drullumölluðum í gamla daga þá verð ég að nefna linsubaunabuff sem bragðaðist eins og pappakassi.

Líkamsræktin mín: Vinnan heima. Að labba á eftir kúnum á sumrin og að fara í réttir á haustin.

Stoltasta augnablikið á íþróttaferlinum mínum: Þegar ég var beðin um að taka þátt í danssýningu á Ísafirði þegar ég æfði dans hér um árið.

Samsung
GALAXY XCOVER 2

Bráðsnjall sími sem er kröftugri en gengur og gerist!

Öflugur snjallsími í kröftugum umbúðum. Xcover 2 er með stóran snertiskjá, Android 4.1.2 stýrikerfi, 5MP myndavél og að sjálfsögðu íslenska valmynd. Einnig er síminn með IP67 staðal sem þýðir að hann sé bæði vatns-, og rykvarinn. Galaxy Xcover 2 er fullkominn sími fyrir krefjandi aðstæður og því tilvalinn fyrir íslenskt veðurfar.

SAMSUNG

skjámenning

"I am your father"
(Star Wars Episode V: The Empire Strikes Back, 1980)



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Star Trek Into Darkness

Eftir öfluga sprengingu í London kemur í ljós að það er John Harrison, fyrrverandi liðsmaður stjörnuflotans, sem stendur að baki ódæðinu. Um leið verður mönnum ljóst að John hyggst ekki láta staðar numið og hefur skipulagt fleiri og jafnvel enn öflugri árásir á sitt eigið fólk. Við þessu þarf að bregðast og það kemur í hlut áhafnarinnar á Enterprise að stöðva brjálæðinginn áður en hann veldur meiri skaða. Nýjasta Star Trek-myndin, Into Darkness, er væntanleg í kvikmyndahús þann 10. maí, en hún er í leikstjórn J.J. Abrams sem einnig gerði síðustu Star Trek-mynd, en segja má að hún hafi verið nýtt upphaf þessarar vinsælu kvikmyndaseríu.

Leikstjóri: J.J. Abrams
Aðalhlutverk: Benedict Cumberbatch, Chris Pine, Zoe Saldana, Karl Urban, Simon Pegg, Zachary Quinto og Alice Eve.
Lengd: 132 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Keflavík og Akureyri, Laugarásbíó, Smárabíó, Ísafjarðarbíó og Bíóhöllin Akranesi.

KVIKMYND

Djöflasýra á sterum

Það er vandmeðfarið að endurgera kvikmyndir sem eru taldar klassískar á sínu sviði og því var á brattann að sækja fyrir nýjustu Evil Dead-myndina.
Hér er sagt frá fimm ungum einstaklingum sem fara saman í bústað í þeim tilgangi að hjálpa einni stelpunni í hópnum í gegnum afeitrun.
Þar á að hafa auga með henni á meðan hún jafnar sig eftir dópsukk síðustu ára, fjarri skarkala borgarinnar. Hópurinn finnur svo einhverja ógeðslegustu bók í heimi í bústaðnum og í stað þess að láta hana vera tekur einn úr hópnum sig til, les upp úr henni og leysir þar með djöfulinn úr læð- ingi. Á þessum tímapunkti eru ekki nema sirka 15 mínútur liðnar af kvikmyndinni og fer því allt mjög snemma til fjandans (bókstaflega).
Fyrri Evil Dead-myndirnar eru orðnar að „költ"-myndum og því hefur þurft að tipla á tánum við framleiðslu á endurgerðinni til að reita ekki blóðheita aðdáendur til reiði. Virðist framleiðslan þó hafa tekist nokkuð vel til og held ég að jafnvel heitustu aðdáendur fyrri myndanna geti unað nokkuð sáttir við sitt.
Klígjan og ógeðið kom oft fram í Evil Dead og stóð ég sjálfan mig að því að reka tunguna út og kippast til nokkrum sinnum, enda varla hægt að horfa á sum atriði. Það er þó ekki svo að hún sé dramatísk eða þung, því aldrei er langt í húmorinn sem er skemmtilega brenglaður og gengur eflaust fram af hörðustu mönnum.
Hryllingsmyndir verða seint taldar minn tebolli en get ég þó sagt að þessi tókst að halda mér ágætlega við efnið og má þar eflaust þakka góðum brellum, skemmtilegum söguþræði og hnyttnum bröndurum fyrir. Leikararnir eru hinsvegar í slakari kantinum og munu aðdáendur fyrri myndanna eflaust sakna gömlu góðu aðahlutverkanna þar.

EVIL DEAD
ÍVAR ORRI
MMMMM

Íslendingur skýtur Hollywood-mynd

Um helgina er myndin The Numbers Station frumsýnd en svo skemmtilega vill til að tökumaður myndarinnar er Íslendingurinn Óttar Guðnason. Óttar, sem er einn af okkar fremstu tökumönnum, hefur getið sér góðs orðs í Hollywood og hefur meðal annars skotið myndir í leikstjórn Baltasars Kormáks, Little Trip To Heaven og Inhale. Skandinavísku áhrifin hljóta að vera einhver í myndinni því leikstjórnin er í höndum Danans Kasper Barfoed en þetta er fyrsta myndin sem hann gerir á ensku.

John Cusack leikur hér leigumorðingjann Emerson sem starfaði áður fyrir leynilega sveit sem hefur það verkefni með höndum að losa veröldina við óvini ríkisins. Emerson féll hins vegar í ónáð eftir að hann klúðraði einu verkefni sínu á sérlega klaufalegan hátt og í framhaldinu er hann sendur til Englands þar sem honum er falið að vernda unga konu, Katherine, en hún er talin vera í lífshættu vegna starfs síns. Undir venjulegum kringumstæðum ætti verkefnið ekki að flækjast fyrir Emerson, en hér er ekki allt sem sýnist. Þegar þau Katherine verða fyrir árás leita þau skjóls í rammgerðri herstöð sem er samt ekki svo traust að óvinir þeirra nái ekki í gegn að lokum.

Myndin er tekin upp í Rendelsham-herstöðinni í Suffolk í Englandi þar sem bandarískri flugherinn var með aðstöðu fyrr á árum. Staðurinn er einnig frægur fyrir að árið 1980 olli óskýrður ljósagangur því að í gang fóru sögur um að þar hefði lent geimfar og hefur staðurinn síðan verið kallaður „breska Roswell", með vísun í svipaða atburði sem gerðust í Roswell í Bandaríkjunum árið 1947.

TÖLVULEIKUR

STAR TREK
MMMMM

Tegund: Skotleikur
PEGI merking: 16+
Útgefandi: Namco Bandai
Dómar:
3,5 af 10 – Gamespot
4,2 af 10 – IGN.com
6 af 10 – Eurogamer.net

Stafrænt Vulcan-grip

Það eru ófáir leikirnir sem gerðir hafa verið um Star Trek-heiminn og er óhætt að segja að flestir þeirra hafi verið viðbjóður og að þeir hafi sett króníska gæsahúð á misvaxna líkama Star Trek-aðdáenda.
Nýjasta afurðin í flokki Star Trek-leikja er þriðju persónu hasar- og skotleikur sem byggir á nýju Star Trek-myndunum, en leikurinn gerist á milli nýju myndanna og skartar öllum helstu aðalleikurum þeirra.
Leikmenn geta í upphafi leiksins valið hvort þeir spila sem Dr. Spock eða Captain Kirk og hefur það áhrif á spilun leiksins, en Kirk er meiri hasargaur og skýtur allt sem hreyfist á meðan Doktorinn læðist um og tekur menn niður með stafrænu Vulcan-gripi. Leikurinn inniheldur coop-spilun og geta tveir spilað saman í gegnum leikinn, bæði á einum skjá eða í gegnum netið. Þetta virkar ágætlega, en er þó oft mjög klaufalega framkvæmt og eins og framleiðendur leiksins hafi sett þetta inn af einhverri skyldurækni.
Leikurinn vill vera ýmislegt og þar á meðal langar hann að vera eins og Mass Effect-leikirnir, Uncharted og jafnvel Dead Space, en nær aldrei flugi almennilega. Leikurinn er fjölbreyttur og gerir helling, en gallinn er að ekkert af því er gert mjög vel.

Grafíkin í Star Trek er ágæt til að byrja með, en svo fer mesti sjarminn af henni þegar persónur leiksins fara að hreyfa sig, en oftar en ekki hefur maður á tilfinningunni að þær séu búnar til á sama verkstæði og Gosi. Talsetning leiksins er ágæt að mestu leyti nema hvað að framleiðendur leiksins hafa átt erfitt með að láta hreyfingar í andliti persóna ríma við talið og er stundum eins og maður sé að horfa á talsetta Kung-Fu-mynd frá áttunda áratugnum.
En þeir sem hafa brennandi áhuga á Star Trek munu eflaust finna hér eitthvað við sitt hæfi og leikurinn er ekki alslæmur, en á sama tíma langt frá því að vera geggjaður.

ÓLAFUR ÞÓR JÓELSSON

#monitormynd

Ert þú í Instahring Monitor?

Merktu þína mynd með **#monitormynd**
og vertu með í gleðinni.

Myndirnar birtast sjálfkrafa á nýja vefsvæðinu okkar, **monitor.is**,
auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning
því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.

MONITOR

stíllinn

Lísa Hafliðadóttir
lisa@monitor.is

Ljósakrónan er uppáhaldshlutur Margrétar, hún er frá Laura Ashley en hún er keypt af bland.is.

Tilfinningin litrík og

Stíllinn *kíkti í heimsókn til* **Margrétar Unnarsdóttur** *og* **Arnórs Kára Davíðssonar** *en þau búa í fallegri og notalegri íbúð í miðbæ Reykjavíkur.* **Stílinn** *á heimilinu þróuðu þau smám saman en þau eru dugleg að blanda saman stílum frá mismunandi tímabilum.*

Hafið þið mikinn áhuga á hönnun?

Já, við höfum bæði mikinn áhuga á hönnun og okkur finnst mjög gaman að pæla í mismunandi stílum og blanda þeim skemmtilega saman.

Hvernig mynduð þið lýsa stílnum á heimilinu?

Stíllinn á heimilinu þróaðist smám saman. Hann er mikil blanda af alls konar stílum frá mismunandi tímabilum. Íbúðin í heild sinni er undir frönskum áhrifum, t.d. eldhús, listar og hurðar. Borðstofuborð og ljósakrónan fellur einnig undir þann stíl. En hins vegar blandast önnur hönnun við eins og „mid century modern“ og „art deco“. Yfir heildina litið er tilfinningin í íbúðinni frekar litrík og afslöppuð.

Hvað hafið þið í huga þegar þið kaupið húsgögn og skreytið heimilið?

Við viljum yfirleitt finna eitthvað einstakt sem hefur sögu að segja.

Hver er uppáhaldshúsgagnaverslunin ykkar?

Bland.is er án efa ein uppáhaldsverslunin okkar. Við getum bæði gleymt okkur við að skoða á netinu og því getur þetta verið tímafrek en samt sem áður mjög skemmtileg leið til að finna falleg húsgögn. Einnig finnst okkur gaman að skoða á nytjamörkuðum, eins og Samhjálp eða Góða hirðinum.

Hafið þið sama smekk þegar kemur að stílnum á heimilinu?

Já, við höfum sameiginlegan smekk þegar kemur að því að innrétta íbúðina okkar en höfum samt ekki algjörlega sama smekk þegar kemur að öðrum stílum eða innréttingum. Arnór fílar meira modern, beinar línur og kassalagað, en Margrét er meira fyrir rúnnaðar línur og meira kósí.

Hvernig væri draumaheimilið ykkar?

Stórt hús í fjöllunum með fallegt útsýni (kannski með sýn yfir Akureyri), gróðurmikinn garð og heitan pott.

Myndin er eftir Berglindi Björnsdóttur, móður Arnórs. Borðstofuborðið og stólar er íslensk smíði og var fengið af bland.is.

Stóllinn er Eames hönnun og er upprunalega frá Hermann Miller framleiðslunni um 1950.

Klukkan er keypt á nytjamarkaði Samhjálpar og einnig nokkrar af könnunum. Postulínskannan í miðjunni er fengin í antíkbúðinni Hús fiðrildanna. Gula matarstellið var keypt í Frúnni í Hamborg á Akureyri.

Uppáhaldshlutur Arnórs eru náttborðin, þau eru úr Palesander-við og eru frístandandi.

Leðurstóllinn er art deco stíll og myndin er eftir Berglindi Björnsdóttur.

MARGRÉT
Fyrstu sex: 010491
Staða (starf/nám): Nemi í sálfræði
Uppáhaldshlutur á heimilinu: Ljósakróna

ARNÓR KÁRI
Fyrstu sex: 080589
Staða (starf/nám): Nemi í rekstrarverkfræði
Uppáhaldshlutur á heimilinu: Náttborð

g afslöppuð

Náttborðin voru keypt af húsgagnasölusíðu á facebook en ljósakrónuna fengum við á bland.is. Veggfóðrið var þegar við fengum íbúðina.

Stóllinn er keyptur í Húsi fiðrildanna og skartgripastandurinn var keyptur á handverkssýningu í Eyjafirði.

Myndir/Rósa Braga

Það getur komið mjög töff út að gera lausa fléttu í hárið og festa svo endann upp.



Það eru fáir sem hafa möguleikann á því að vera með þessa greiðslu, en mikið er hún flott.

Sumarlegar greiðslur

Fallegar hárgreiðslur skipta gríðarlega miklu máli fyrir heildarútlitið. **Stíllinn** *tók saman nokkrar sumarlegar og flottar greiðslur, og eins og lesendur sjá eru fléttur í miklu uppáhaldi.*

Það er hægt að leika sér á ótal vegu með flétturnar. Þessi uppsetning er virkilega sumarleg og falleg.

Það er virkilega sumarlegt og flott að vera með hárið náttúrulega slegið en bæta svo fallegu hárskrauti við.

Gamla góða fasta fléttan er klassísk, þægileg og flott.



Fyrir fínni tilefni er mjög flott að taka hárið vel aftur, flétta það og binda svo í fastan snúð.

Sögubók twitter

Monitor tók saman nokkur tíst sem skráðust á spjöld sögunnar frá stofnun samfélagsmiðilsins

FYRSTA TÍST SÖGUNNAR:

Stofnandi Twitter, Jack Dorsey, átti heiðurinn að fyrsta tísti mannkynssögunnar þann 21. mars 2006. Eins og sjá má var tístið stutt og laggott, þar tilkynnti hann heiminum að hann væri „bara að setja upp Twitter-síðuna sína“. Eins og glöggir sjá skrifaði hann „twttr“, sem var vinnutitill Twitter á þróunarstigi. Minnir um margt á tmblr, ekki satt?

FYRSTA TÍSTIÐ ÚR GEIMNUM:

NASA-geimfarinn TJ Creamer skráði sig í sögubækurnar þegar hann gerðist fyrstur manna til að tísta utan úr geimnum, nánar tiltekið Alþjóðageimstöðinni.



FYRSTA ÓLÉTTUTILKYNNINGIN Á TWITTER:

Hin ástralska Sarah frá Geraldton var fyrsta konan sem vitað er til að hafi tilkynnt óléttu sína með Twitter.

FYRSTUR TIL AÐ NÁ MILLJÓN FYLGJENDUM

Leikarinn Ashton Kutcher eignaðist milljónasta fylgjanda sinn árið 2009, þremur árum eftir að Twitter fór í loftið.

MEST ENDURTÍSTAÐ (RETWEETED)

Rétt áður en Obama steig fyrst á svið eftir að kosningasigur hans varð ljós í forsetakosningunum í nóvember síðastliðnum stimplaði hann sigur sinn inn á Twitter með orðunum „fjögur ár í viðbót“. Á nokkrum klukkustundum varð tístið mest endurtístaða tíst ársins 2012 og jafnframt mest endurtístaða í sögu Twitter.

Ertu hrifin/n af Twitter-tölfræði?

Heimasíðan TwitterStats.com er sniðug að því leytinu til að þar er hægt að slá inn Twitter-notendanafnið og á augabragði færðu áhugaverða tölfræði um tístin þín útreiknaða og setta í myndrit.



TWITTER Í TÖLUM

Rúmlega **500.000.000** notendur eru skráðir á Twitter.

Á annasömum degi fara **400 milljónir** tísta í loftið.

Það gera um **4.630** tíst á sekúndu.

Heildarfjöldi tísta frá upphafi eru um **170 milljarðar**... og fer augljóslega vaxandi.

62% Twitter-notenda eru á aldrinum **18-34 ára**.

55% Twitter-notenda eru konur.

Á hverjum degi eignast Twitter **1.000.000** nýja notendur.

Heimild: Washington Post

Guð blessi Tístland

Samfélagsmiðillinn **Twitter** *er aldrei jafnvirkur og í kringum skemmtilega viðburði sem vekja athygli þjóðarinnar. Í tilefni þess að kosningar eru nýafstaðnar og Eurovision og fótboltasumarið er handan við hornið rannsakaði* **Monitor** *snilldina á bak við*

Justin Bieber

VINSÆLUSTU TÍSTARAR HEIMS

1. **Justin Bieber** – 38,8 milljónir
2. **Lady Gaga** – 37 milljónir
3. **Katy Perry** – 36,2 milljónir
4. **Barack Obama** – 31,2 milljónir
5. **Rihanna** – 29,5 milljónir
6. **YouTube** – 27,5 milljónir
7. **Taylor Swift** - 27,4 milljónir
8. **Britney Spears** – 26,7 milljónir
9. **Shakira** – 20,6 milljónir
10. **Justin Timberlake** – 20 milljónir

Rihanna

Vinsælasti íþróttamaðurinn: Cristiano Ronaldo – 18,1 milljón

Katy Perry

Lady Gaga

Vinsælasti leikarinn: Jennifer Lopez – 17,9 milljónir

Vinsælasta hljómsveitin: One Direction – 11,9 milljónir

Vinsælasti sjónvarpsþátta-stjórnandinn: Ellen DeGeneres – 19,1 milljón

SÓLMUNDUR HÓLM
@SoliHolm
Á Twitter síðan í byrjun árs 2011.

Kosningavakan þurfti að víkja fyrir FIFA

Hvernig finnst þér hið íslenska Twitter-samfélag?
Það íslenska Twitter-samfélag sem ég er hluti af er kannski svolítið einsleitt af því að það snýst 90% um fótbolta. Það er reyndar þannig hjá mér líka, ég tísti mest um fótbolta, þannig að ég get ekki kvartað þó svo að það væri alveg fínt ef fjölbreyti-leikinn væri meiri. Annars ræður maður auðvitað hvern maður „eltir“ og ef þér leiðist fótbolti, þá hættirðu bara að „follow-a“ þá sem skrifa mikið um fótbolta.

Nú er gjarnan líf og fjör á Twitter í kringum sérstaka viðburði. Hvenær hefur verið einna skemmtilegast á Twitter?
Það var gaman að fylgjast með kosningunum núna um daginn og gríni í kringum það. Ég var reyndar upptekinn í FIFA þegar kosningavakan var í gangi þannig að ég fylgdist eiginlega bara með henni í gegnum Twitter. Ég var að spila með vini mínum sem er ári eldri en ég og saman vorum við að spila við 15 ára ungling sem var að mala okkur. Úrslitin í kosningunum voru fyrirsjáanleg að mínu mati þannig að spennan var miklu meiri í FIFA.

Talar þú mikið um „að tísta“? Átt þú þýðingu á „hashtag“?
Mér finnst það asnalegt, ég þarf að ákveða sérstaklega að segja „tísta“ en annars tala ég um að „tweet-a“. Að tísta venst ekki nógu vel en það pirrar mig samt ekki heldur. Það er dálítið eins og að segja „Fésbók“ og mér finnst það fáránlega asnalegt. Þetta heitir Facebook og það á ekkert að þýða það frekar en Benz eða BMW. Það þýðir ekkert að reyna að kalla Twitter „Fuglahvíslið“ eða eitthvað. Ég nota heldur ekkert íslenskt orð yfir „hashtag“ en ég tala oftast bara um „að tagga eitthvað“. Það truflar mig nefnilega pínu að orðið „hass“ sé hluti af þessu.

Facebook vs. Twitter?
Ég er ekki lengur á Facebook þannig að ég vel Twitter allan daginn. Gallinn við Facebook er sá að þú þarft að sjá svo mikið af leiðinlegu dóti og hafa mikið fyrir því að fela það leiðinlega. Facebook er bara meira vesen. Á Twitter velurðu nákvæmlega það sem þú vilt sjá. Svo er lengdartakmörkunin á Twitter líka snilld á meðan á Facebook detta menn oft í einhver ritgerðarskrif.

Er galli að það sé enginn „like-takki“? Hvernig notar þú „favorite“ og „retweet“?
Ég er svolítið farinn að nota „favorite-takkann“ eins og „like“ á Facebook en það er samt kannski ekki alveg rétt notkun. „Favorite“ þýðir náttúrlega ekki það sama og „like“ svo maður verður eiginlega að vera aðeins sparsamari á „favorite“. Ef mér finnst eitthvað virkilega sniðugt, þá „retweet-a“ ég. Ef þú „retweet-ar“ ertu í rauninni að segja „djöfull er ég sammála“ eða „djöfull er þetta fyndið“.

Hápunkturinn á Twitter-ferlinum til þessa?
Hvað sjálfan mig varðar fannst mér mjög gaman að fara upp í 1.000 „followers“ en annars er hápunkturinn á Twitter að mínu mati ákveðin ummæli sem ég get eiginlega ekki haft eftir. Þau voru svo gróf og sjokkerandi að þau voru eiginlega í senn lágpunkturinn. Þar létu menn skapið hlaupa með sig í gönur. Ráðlegging mín til fólks á Twitter er sú að fólk, sérstaklega ungt fólk, passi sig aðeins hvað það segir þegar það ákveður að hrauna. Það getur sprungið í andlitið á því seinna meir og jafnvel haft áhrif á möguleika þess á vinnumarkaði.

Gilda einhverjar reglur á Twitter í þínum huga?
Ein reglan er sú að það má ekki „tweet-a“ of mikið. Öruggasta leiðin til að missa „followers“ er að tísta alltof mikið og líka að „retweet-a“ of mikið. Ég hef oft hætt að fylgjast með nokkrum á Twitter af því að þeir „retweet-uðu“ alltof mikið. Dæmi um það er Ricky Gervais, fyndnasti maður í heimi, sem þarf alltaf að vera að „retweet-a“ spurningar sem hann fær og svara, til að sýna öllum hvað er í gangi.

Stoltir Tístlendingar

Monitor *tók þrjá virka íslenska tístara tali og forvitnaðist um skoðanir þeirra og hegðun á Twitter.*

Nýyrðið „samlóka“

Hvernig finnst þér hið íslenska Twitter-samfélag?
Ég upplifi það fyrst og fremst sem samræðuvettvang fyrir íþróttatengda hluti en ég veit svo sem ekki hvort ég sé að missa af einhverjum öðrum umræðum. Þessi miðill hentar líka ágætlega fyrir íþróttaumræður því það er eitthvað að gerast í íþróttunum á hverjum degi og Twitter snýst dálítið mikið um umræðu núlíðandi stundar. Ef ég ætti að nefna eitthvað sem vantar upp á, þá kemur náttúrlega bara fyrst upp í hugann að það er vaðandi typpalykt á Twitter. Það mættu vera fleiri stelpur en á sama tíma er svo sem ágætt að vera laus við sónarmyndir, svo þetta hefur sína kosti og galla.

Talar þú um „að tísta“? Átt þú þýðingu á „hashtag“?
Nei, ég tala yfirleitt um að „tweet-a“ en ég veit ekki hvort það sé töff. Mér finnst „að tísta“ eins og tala um „Fésbók“, eitthvað hálfklént. Ég á ekkert íslenskt orð yfir „hashtag“ en það eina sem mér dettur í hug er að tala um „kassa“, eins og þegar maður var að gera símaöt og svoleiðis í gamla daga.

Facebook vs. Twitter?
Mér finnst Facebook persónulegra að einhverju leyti, þ.e.a.s. ég set fullt af hlutum á Facebook sem ég myndi aldrei setja á Twitter. Svo er náttúrlega munurinn sá að það eru allir á Facebook en ekki Twitter. Twitter er hins vegar skemmtilegra að því leytinu að það er gagnvirkt og snýst mikið um það sem er í gangi akkúrat núna.

Er galli að það sé enginn „like-takki“? Hvernig notar þú „favorite“ og „retweet“?
Ég held að það sé gott að hafa engan „like-takka“ því það losar mann undan ákveðinni pressu sem fyrirfinnst á Facebook. Það er alveg smá óþægilegt ef þú setur „status“ inn á Facebook en færð engin „like“ og engin komment. Á Twitter ertu einhvern veginn miklu frjálsari, þú hendir bara einhverju inn og ert ekkert endilega að vonast eftir viðbrögðum. Að sama

EDDA SIF PÁLSDÓTTIR
@EddaSifPalsd
Á Twitter síðan í maí 2011

skapi vantar alveg stundum „like-takka“ þegar einhver skrifar eitthvað mjög sniðugt og þá nota ég „favorite“ þó svo að ég sé ekki viss um að það sé rétt notkun. „Retweet“ er síðan bara stigi ofar en „favorite“ hjá mér.

Hver er uppáhaldstístarinn þinn?
Mér finnst strákur að nafni Árni Grétar Finnsson mjög fyndinn á Twitter svo ég myndi vilja nefna hann.

Hápunkturinn á Twitter-ferli þínum til þessa?
Viðbrögðin sem ég fékk við nýyrðinu „samlóka“. Það er notað yfir stelpur sem hafa sofið hjá sama manninum. Fólk tók mjög vel í þetta þannig að ég held að það hljóti að vera hápunkturinn á Twitter-ferlinum (hlær).

Gilda einhverjar reglur á Twitter í þínum huga?
Ég held að þetta sé almennt mjög frjálst allt saman en ef ég ætti að nefna eitthvað þá hugsa ég að matarmyndir og svoleiðis dót eigi ekki heima á Twitter.

Engar hafra-grautsmyndir

Hvernig finnst þér hið íslenska Twitter-samfélag?
Það er gott og gilt. Væri auðvitað skemmtilegra ef fleiri myndu hoppa á vagninn. En mér finnst eins og það stækki daglega.

Nú er gjarnan líf og fjör á Twitter í kringum sérstaka viðburði. Hvenær hefur verið einna skemmtilegast á Twitter?
Það er alltaf gaman á Twitter. Sama hvað er í gangi í kringum mann - alltaf gott grín á Twitter.

Talar þú um „að tísta“? Átt þú þýðingu á „hashtag“?
Tísti stundum, „tweet-a“ oftar. Á enga sérstaka þýðingu á hashtag, því miður. #hreintungustefna #slang

Hvar og hvenær notar þú helst Twitter?
Símanum, iPad, tölvunni. Þetta er aðgengilegt og ekki uppfullt af myndum af hafragraut og káli eins og á öðrum samfélagsmiðlum.

Facebook vs. Twitter?
Ég er ekki á Facebook bara Twitter. Twitter er ekki njósnasamfélag eins og Facebook. Friðhelgin er meiri á Twitter. Svo fyrir utan það finnst mér fólk kvarta meira á Facebook - en peppa á Twitter. Þar fyrir utan er Facebook uppfullt af liði sem maður nennir ekki að þekkja - en á Twitter er fólk sem þú þráir að umgangast.

Er galli að það sé enginn „like-takki“? Hvernig notar þú „favorite“ og „retweet“?
Nei, ef þér líkar eitthvað þá „retweet-arðu“ því, beisikk. Hef ekki komist á lagið með „favorite“.

Er fótbolti of fyrirferðarmikill á Twitter?

HALLDÓR HALLDÓRSSON
@DNADORI
Á Twitter síðan í apríl 2011.

Nei nei, kannski of mikið Pepsi-deildar röfl yfir sumartímann. Þá er alltaf hægt að gera „unfollow“.

Hver er uppáhaldstístarinn þinn?
Danni Deluxe á mjög sterkar innkomur á Twitter. Hann tístar til að gleyma. Uppáhaldsnotandinn minn samt er goðsögnin OneTweetPete.

Hápunkturinn á Twitter-ferli þínum til þessa?
Gillzenegger „tweet-aði“ á mig bekkpressu-prógrammi um daginn. Það var nokkuð gott.

Gilda einhverjar reglur á Twitter að þínu mati?
Ekkert tuð, bara STUÐ.

tónlist

Freyr Árnason
monitor@monitor.is

Stórstjörnurnar úti í heimi fæddust ekki með risasamninga í höndunum og áður en frægðarsólin fór að skína þurfti fólkið að finna sér eitthvað að gera.

Besti klósettræstir allra tíma

EITTHVAÐ TIL AÐ LÍTA Á:

Hver: Chance the Rapper.
Plötur/mixteip:
10 Day - 2012
Acid Rap - 2013
Hvar: Soundcloud.com, Datpiff.com, youtube o.fl.
Vinsælustu lög: Juke Juke, Hey Ma

Hinn 19 ára Chicago-búi Chance hefur verið að gera tónlist frá unga aldri en eftir að hafa verið vísað úr skóla í 10 daga fyrir ári síðan kláraði hann plötuna sína 10 Day og gaf frítt á netinu. Síðan þá hefur hann vakið athygli víða og oft og tíðum líkt við listamenn á borð við Kanye West, Eminem og Andre3000. Chance er skemmtileg blanda af mörgu af því sem er að gerast í dag en það mest spennandi við hann eru hvað hann blandar mörgum gömlum elementum inn í tónlistina sína á sama tíma. Nýjasta plata hans Acid Rap lofar góðu en vonandi festist maðurinn ekki á sýrutrippi og við sjáum eitthvað verða úr honum.

Mark Wahlberg var upprunalega meðlimur í **New Kids on The Block**. Fyrir þá sem ekki vita var það strákaband sem gerði allt sturlað á árunum 1980 til 1993. Hann hætti þó 13 ára, stuttu áður en sveitin varð stór en eldri bróðir hans var ennþá í sveitinni og hitaði Mark, þá rapparinn **Marky Mark**, upp fyrir sveitina á tónleikaferðalögum þeirra. Eftir hinni týpísku uppskrift hefði hann líklegast átt að vera bad boy-inn í bandinu því aðeins 13 ára gömlum var honum eitthvað illa við Víetnama. Tveir menn af þeim uppruna kærðu hann og fengu sakfelldan fyrir tilraun til manndráps. Í dag líkar honum hins vegar vel við Víetnama og hefur ekki reynt að drepa slíkan síðan '85.

Snoop Dogg eða **Snoop Lion**, oft kallaður **Snuðrandi ljónið** áorkaði ekki að vera hluti af strákabandi áður en ferill hans tók á flug. Enda kannski fá strákabönd sem verða til á myrkustu götum Los Angeles. Til að greiða reikningana brá hann á það ráð að selja eiturlyf en eitthvað hlýtur hann að hafa staðið sig illa í þeirri deild því samhliða sölumennskunni vann hann við að bjóða fólki poka við afgreiðslukassa stórmarkaða.

Líf glæpamannsins getur verið erfitt og það veit kókaínmafíu-rapparinn **Rick Ross**. Eftir að hafa byggt ímynd sína á því að hafa brotið lögin svo harkalega að hann væri einn stærsti kókaínsali Miami kom í ljós að hann starfaði aldrei hinum megin við lögin. Hann vann í rauninni við að framfylgja lögunum því ungur að árum starfaði hann sem fangavörður. Þetta var fín lending hjá okkar manni því það er töluvert betra að efnast á því að þykjast vera að standa í dreifingu og innflutningi en að þurfa að standa í því veseni. Virkar á mann sem svona bransi þar sem maður nennir ekkert að vera að styggja samkeppnisaðila eitthvað sérstaklega.

Maður margra nafna, **Diddy**, **P. Diddy**, **Puff Daddy**, **Puffy** eða bara **Sean Combs** hefur ekki alltaf verið ríkasti rappari allra tíma. Stuttu áður vann hann nefnilega á Mexíkönskum veitingastað í New York … við það að þrífa klósettin. Vill hann sjálfur meina að hann sé besti klósettræstir allra tíma þegar minnst er á þetta við hann. Það er nokkuð augljóst að manninn skortir aldrei trú á sjálfum sér, sama hvað hann tekur sér fyrir hendur. Maður sem allir ættu að taka sér til fyrirmyndar.

Gene Simmons, málaði maðurinn með tunguna á samt undarlegustu fortíðina. Áður en hann fór að plokka bassann með **KISS** og klæða sig upp í leðurmúnderingar í anda Anti-Krists starfaði hann hjá kvennatímaritinu **Vogue**. Þetta var ekkert eitthvað starf sem fól í sér að ná í kaffi og unnið af neyð meðan tónlistarferillinn væri á frosti. Neinei, þarna gekk hann um ganga, huggulega klæddur og gegndi stöðu aðstoðarritstjóra. Það er ekkert „part-time-dæmi" neitt.

NÝR VEFUR KOMINN Í LOFTIÐ

www.monitor.is

„Byggingartæknifræði við HR
er skemmtilegt og krefjandi nám.
Úrvinnsla raunhæfra verkefna
undir handleiðslu kennara
með mikla reynslu úr atvinnulífinu
gefur góða mynd af þeim verkefnum
sem bíða nemenda að námi loknu.
Nám við HR hefur algerlega staðið
undir væntingum mínum.“
Þórdís Björnsdóttir
Stúdent frá Verzlunarskóla Íslands 2009
Nemi í byggingartæknifræði
VELKOMIN Í HR
FRAMSÆKINN ALÞJÓÐLEGAN HÁSKÓLA
OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. JÚNÍ
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST
www.hr.is